

EFNISYFIRLIT

Samantekt	1
1. Inngangur	2
2. Forgangsröðun	3
3. Atvinnusköpun	4
3.1 Bæjarútgerð	4
3.2 Kalkþörungavinnsla á Langeyri.....	4
3.3 Laxeldi	4
3.4 Annað	4
3.5 Ferðapjónusta	5
4. Álfafjarðargöng	6
5. Framtíð aldraðra, þjónustuíbúðir o.fl.	7
6. Menning og samfélag	8
6.1 Menningareflandi samfélag	8
6.2 Íbúalýðræði og þorralótið	9
6.3 Björgunarsveitarhúsið – notkun?	9

7. Framtíð og þróun skólans	10
8. Framtíð og möguleikar Inndjúpsins	11
9. Umhverfi, ásýnd og ímynd	13
9.1 Ímynd Súðavíkur	13
9.2 Skógrækt	14
10. Umferð og gönguleiðir	15
10.1 Umferðarmál	15
10.2 Deiliskipulag í gömlu byggðinni	18
10.3 Gönguleiðir og fleira	20
11. Raddir unga fólksins	22
12. Framtíðarsýn - 2030	24
13. Að lokum	26

*Öllum sem þátt tóku í íbúðapönginu í Súðavíkurbreppi,
og þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina, eru
færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og vel
heppnað þing.*

Umsjón með íbúðapönginu og þessari samantekt hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við fulltrúa Súðavíkurbrepps og ráðgjafa hjá Verkís.

Íbúðapöngið var haldið í Súðavíkurskóla. Veitingahúsið Jón Indíafari hafði umsjón með veitingum, sem voru í boði Súðavíkurbrepps.

Ljósmyndir í samantektinni eru frá ILDI.

Eftirtalin mynduðu framkvæmdahóp og unnu, auk ILDIs að undirbúningi, framkvæmd þings og kynningarmálum fyrir og eftir þing:

Pétur G. Markan, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps.

Gunnar Páll Eydal, Verkís.

Erla Bryndís Kristjánsdóttir, Verkís.

Ruth Guðmundsdóttir, Verkís.

Samantektin var unnin af ILDI sem naut yfirlestrar framkvæmdahóps.



SAMANTEKT

Byggð og samfélag í Súðavíkurbreppi stendur á tímamótum og til að nýta tækifæri og auðlindir svæðisins, þarf innspýtingu í atvinnulíf, jarðgöng og bættar þjónustu og fjárfestingar á ýmsum sviðum. Þetta kom fram á tveggja daga íbúðapingi sem haldið var í Súðavík 18. – 19. nóvember. Vel var mætt og ungir sem aldnir íbúar tóku þátt í þinginu. Þingið tengist m.a. endurskoðun aðalskipulags sem nú er unnið að.

Atvinnusköpun og uppbygging Álfafjarðarganga, þetta tvennt hlaut afgerandi mest vægi í forgangsroðun þátttakenda á þinginu. Metnir voru kostir og gallar við bæjarútgerð, kalkþörungavinnslu og laxeldi. Biðstaða er í laxeldismálum við Djúp en á þinginu kom fram jákvæðni gagnvart því að reyna að nýta þau tækifæri sem kunna að bjóðast í tengslum við sjókvíaelði. Mikilvægt sé þó að fara varlega og gæta að neikvæðum áhrifum. Rætt var um jákvæð og neikvæð áhrif vegna mögulegrar kalkþörungaverksmiðju í Súðavík. Ýmis sjónarmið komu fram en samhljómur var um að huga verði að mótvægisáðgerðum, ef af verkefninu verður. Einnig var rætt um mikilvægi þess að til verði störf sem krefjast menntunar.

Horft er til ferðaþjónustu sem sóknarfæris og huga þurfi að merkingum og markaðssetningu. Gera mætti meira úr sögunni og nýta betur það sem nú þegar er aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Æskilegt væri að byggja upp búsetukosti fyrir aldraða og auka félagsstarf. Á sviði menningar er hægt að gera margt með því að nýta aðstöðu sem er þegar til staðar, ásamt því að koma upp aðstöðu til dvalar fyrir listamenn. Lýst var áhyggjum af þróun skólans, að hætta sé á að hann leggist af vegna

fækkunar nemenda, en að smæð hans skapi einnig mikla sérstöðu og geti laðað að fólk til búsetu.

Byggð í Inndjúpi stendur á tímamótum og komu fram nokkrar áhyggjur, en jafnframt hugmyndir, um þróun byggðar þar, tengdar auðlindum eins og heitu vatni, veiði, virkjun vatnsfalla og sögutengdri ferðaþjónustu.

Áhugi er á að tengja gamla og nýja þorpið í Súðavík með göngustíg og heimamenn eiga sér draum um torg við skólann, meiri trjágróður í þorpinu og fleiri göngustíga.

Í umræðu um íbúalýðræði kom fram áhugi á að halda þing íbúa að vori og hausti. Halda ætti þjóðahátíð og lagt til að þorablót verði áfram haldið í íþróttahúsinu/skólanum í Súðavík.

Kortlagðir voru staðir þar sem huga þarf að umferðaröryggi og kallað var eftir bættum almenningssamgöngum. Fram komu hugmyndir um leiðir til að draga úr sorpi og minnka plastnotkun. Einnig varð umræða um skipulag tengt Raggagarði og úrbætur á aðkomu og merkingum. Þá var varpað fram hugmyndum um nýtingu björgunarsveitarhúss, m.a. til atvinnu-uppbyggingar og heilsueflingar.

En hvaða möguleika sér yngri kynslóðin? Unglingadeild Súðavíkurskóla vann verkefni, sem nemendur kynntu á þinginu. Þeir hrósuðu mörgu sem vel er gert og eiga sér jafnframt drauma um betri íþróttastöðu af ýmsum toga. Þau yngri eru sama sinnis og eldri kynslóðin, að Álfafjarðargöng myndu breyta öllu. Nemendur sögðu líka: „Samfélagið okkar í Súðavík er gott og hér finnst okkur gott að búa. Okkur þykir vænt um þorpið okkar og fólkið sem býr þar. Gerum þetta þorp að paradís, því hér viljum við vera.“

1. INNGANGUR

Helgina 18. – 19. nóvember var haldið íbúðaping í Súðavíkurbreppi. Sveitarfélagið stóð fyrir þinginu og var markmið þess að kalla eftir hugmyndum íbúa vegna mótunar framtíðarsýnar fyrir Súðavíkurbrepp og stefnumótunar í aðalskipulagi. Einnig að íbúðapingið gæti orðið þáttur í eflingu samfélagsins.

Í þeim anda, stóð Súðavíkurbreppur fyrir fjölbreyttri dagskrá alla helgina, undir yfirskriftinni „Lýðræði og leikandi líf!“. Á föstudegi var unglingadiskótek og pizzahlaðborð. Á laugardagsmorgni hófst svo þingið og þá um kvöldið var kótilettu- og sagnakvöld í Samkomuhúsinu og dansað á eftir. Góð þátttaka var í öllum viðburðum og var helgin einstaklega vel heppnuð.

Tilgangur þingsins var þannig skilgreindur, eins og fram kom dreifibréfi:

„Tilgangur þingsins er að heyra hugmyndir ykkar varðandi stöðu og þróun Súðavíkurbrepps. Það er allt undir sem þátttakendur vilja ræða; umhverfi, samfélag og atvinnulíf.

Þær hugmyndir sem eiga heima í aðalskipulagi, verða nýttar við þá aðalskipulagsvinnu sem nú er í gangi.

Starfandi er skipulagshópur íbúa og hagsmunaaðila sem tekur þátt í vinnunni við gerð aðalskipulags. Hópurinn mun tryggja að skilaboð frá

íbúðapingi hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í aðalskipulagsvinnunni.

Aðrar hugmyndir mun sveitarstjórn hafa til hliðsjónar í sínum ákvörðunum eða koma á framfæri við aðra, eftir því sem við á. Þá er hugsanlegt að íbúar vilji sjálfir taka boltann og vinna að einhverjum málum áfram.

Sagt verður frá hvernig afrakstur þingsins hefur verið nýttur, m.a. í kynningu á skipulaginu.“

Sveitarstjóri Súðavíkurbrepps og ráðgjafar Verkís, sem vinnur að gerð nýs aðalskipulags, störfuðu að undirbúningi og framkvæmd íbúðapingsins, ásamt ILDI, þjónustu og ráðgjöf, sem hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.

Pétur G. Markan sveitarstjóri setti þingið, en síðan lék nemandi í 10. bekk, Matthías Harold Scott, á píanó.

Um 35 íbúar tóku þátt í þinginu. Fyrirkomulagið var svokallað „Ópið rými“ – Open Space, þrautreynd fundaaðferð¹. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og leiddu umræðuhópa. Hver hópur sló niðurstöður sínar inn í tölvu og byggir þessi samantekt á þeim gögnum. Kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum hópa. Að auki er sagt frá skilaboðum nemenda í unglingadeild Súðavíkurskóla og ferð inn í framtíðina, þar sem þátttakendur voru leiddir til ársins 2030.

¹ <http://www.openspaceworld.org/>

2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Súðavíkurhreppi. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útdeila á málaflokka eftir eigin mati.


Þau tvö málefni sem vega þyngst varðandi byggðapróun í Súðavíkurhreppi, að mati þátttakenda, eru atvinnusköpun, þ.e. fjölgun atvinnutækifæra og Álftafjarðargöng. Þetta tvennt er talið fara saman og styður hvort annað.

Næst þar á eftir komu fjórir málaflokkar með álíka vægi, framtíð aldraðra, þ.e. búsetukostir og félagsstarf, menningareflandi samfélag, framtíð og þróun skólans og framtíð og möguleikar Djúpsins.

Síðan voru ferðapjónusta og umhverfismál nokkuð ofarlega á blaði og einnig íbúalýðræði og þorablótið og ímynd Súðavíkur.

Umræður um þau fimm málefni sem fengu færri punkta í forgangsröðuninni, skiluðu engu að síður mikilvægum upplýsingum um hug þátttakenda. Þetta voru umferðarmál, deiliskipulag í gömlu byggðinni, björgunarsveitarhúsið – notkun?, gönguleiðir o.fl. og loks skógrækt.

Í köflunum hér á eftir, er fjallað nánar um þau atriði sem sjá má á myndinni.



„Álftafjarðargöng eru lykilforsenda fyrir framtíð og vexti sveitarfélagsins.“

3. ATVINNUSKÖPUN

Atvinnusköpun er það sem þátttakendur á íbúáþingi Súðavíkurbrepps telja allra mikilvægast til að renna styrkari stoðum undir byggðina. Rætt var um atvinnumál í tveimur hópum. Hópurinn sem ræddi um atvinnusköpun almennt fjallaði aðallega um „stórar“ hugmyndir; bæjarútgerð, kalkpörungavinnslu og laxeldi. Í hinum hópnum var rætt um ferðapjónustu.

3.1 BÆJARÚTGERÐ

Hugmynd um bæjarútgerð var rædd til að velja upp öðrum valkostum en kalkpörungaverksmiðju. Kvóti, útgerð og vinnsla – aðstaða, áhöld og tæki, væru þá í eigu og rekstri samfélagsins og arðurinn rynni til þess. Hægt væri, að mati hópsins, að byrja smátt t.d. bara á fiskveiðum en setja á stofn vinnslu á síðari stigum ef vel gengi.

3.2 KALKPÖRUNGAVINNSLA Á LANGEYRI

Rætt var um kosti og galla kalkpörungavinnslu, en unnið hefur verið að því verkefni á vegum Íslenska kalkpörungafélagsins.

Helstu galla taldi hópurinn vera þessa:

- Vaktavinna, talið neikvætt, láglounastörf!
- Eignarhaldið erlent.
- Áhyggjur af sambýli við hugmynd unglinganna um útivistarsvæði fyrir innan Langeyri.

Fram kom að áætlað er að samningur milli sveitarfélagsins og eigenda verði til u.þ.b. 40 ára. Taldi hópurinn mikilvægt að ná sem bestum samningi strax í upphafi, ef af verður.

3.3 LAXELDI

Í umræðu um laxeldi kom fram að þau mál eru „á bið“ vegna stjórnvaldsákvæðana og var það málefni ekki rætt ofan í kjölinn.

Þó kom fram áhersla á að laxeldi yrði í sátt við umhverfið með þaki á umfang í framleiðslu.

3.4 ANNÐ

Bent var á mikilvægi þess að hvað sem verði gert í atvinnumálum, þá þurfi að huga að því að skapa jafnhliða störf fyrir menntað fólk.



3.5 FERÐAÞJÓNUSTA

Stungið var upp á þremur umræðuefnum varðandi ferðaþjónustu undir yfirskriftunum, „framtíð ferðamála“, „afþreying ferðamanna“ og „kaup á gamla pósthúsinu“. Þetta þrennt var síðan rætt í einum hópi. Áhugi var á að gera meira úr sögunni og nýta í tengslum við ferðaþjónustu. Punktur frá hópnum eru hér flokkaðir eftir staðsetningu:

ÖGUR, VIGUR, HVÍTANES OG REYKJANES

- Leggja þarf áherslu á að bryggjum í Ögri, Vigur, Hvítanesi og Reykjanesi sé haldið við, þær nýtast í ferðaþjónustu og sem öryggistæki.

LANGEYRI

- Koma upp hvalsporðunum og sögu hvalveiða og hrefnuveiða.
- Byggja nýtt rautt hús (fyrir utan húsið Odda) á grunninum á Langeyri sem gistiheimili eða safn.

NÝJA ÞORPIÐ

- Gera skipulag fyrir sumarhúsahverfi í / við nýja þorpið.

GAMLA ÞORPIÐ

- Fest verði kaup á „gamla pósthúsinu“ í ytra þorpinu. Þar mætti hafa sögusýninguna um Súðavík og upplýsingamiðstöð ferðamála.
- Bæta aðstöðu, þ.e. bílastæði við Raggagarð, malbika þar og laga gangstétt upp í garðinn.

KYNNINGARMÁL

- Heimasíða Súðavíkurhrepps verði uppfærð.
- Sveitarfélagið nýti Raggagarð betur sem aðdráttarafl.
- Auglýsa þarf tjaldstæðið betur, uppfæra upplýsingar á netinu og í bæklingum.



4. ÁLFTAFJARÐARGÖNG

Álftafjarðargöng eru lykilforsenda fyrir framtíð og vexti sveitarfélagsins að mati hóps sem fjallaði um göngin. Þegar þátttakendur á þinginu forgangsröðuðu málefnum, voru göngin í öðru sæti, næst á eftir atvinnusköpun – en fram kom að þetta tvennt er nátengt.

Rætt var um staðsetningu ganganna og að hún skipti máli. Nauðsynlegt sé að Súðavíkurlíð og Kirkjubólshlíð verði aflagðar.

Fram kom að Alþingi veitti fé til undirbúnings og rannsókna á gangastæði á árunum 2016 – 2017 og þar með er verkefnið orðið formlegt.

Varpað var fram ýmsum hugmyndum til að þrýsta á málið og bent á undirskriftasöfnun á www.alftafjardargong.is, en þar kemur fram að þjóðvegurinn um Súðavíkurlíð í Álfafirði og Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði sé talinn einn hættulegasti vegur landsins².

*„Mörg okkar eiga vini á Ísafirði
og við stundum íþróttir þar.
Það getur verið erfitt að fara hér á milli í vondum
veðrum og stundum komumst við ekki neitt.
Því er nauðsynlegt að fá göng hér á milli.“*

Nemendur í unglingadeild



² www.alftafjardargong.is

5. FRAMTÍÐ ALDRAÐRA, ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR O.FL.

Málefni eldri borgara, búsetukostir og félagsstarf, var þátttakendum á íbúáþinginu ofarlega í huga.

Kallað var eftir þjónustuíbúðum og/eða herbergjum fyrir aldraða, þ.e. húsnæði með öllu. Horft var til Holtagötu 2, þar sem gætu verið herbergi fyrir einstaklinga á efri hæðinni og tvær séríbúðir á neðri hæðinni. Opna mætti milli hæða, jafnvel með lyftu til að innangengt væri á milli.

Ræddar voru ýmsar hugmyndir um félagsstarf og var sérstaklega rætt um valkosti fyrir eldri karla þannig að félagsstarfið nýtist báðum kynjum.

Þetta taldi hópurinn hægt að nýta fyrir aldraða:

- Smíðastofuna á Langeyri.
- Íþróttahúsið.
- Ræktina.

Stungið var upp á því að halda fund með eldri borgurum (67 ára og eldri) og fá fram óskir þeirra um félagsstarf. Meðal hugmynda sem hópurinn ræddi var Yoga – sund – leikfimi.

Loks var nefndur sá möguleiki að Súðavíkurbreppur kaupi litla rútu, sem gæti nýst bæði til skólaaksturs og fyrir eldri borgara.

„Halda fund með 67 ára og eldri og fá fram óskir þeirra um félagsstarf.“



6. MENNING OG SAMFÉLAG

Málefnið í þessum kafla koma frá þremur hópum. Einn fjallaði um menningareflandi samfélag, annar um íbúalýðræði og þorablótið og sá þriðji ræddi um notkun björgunarsveitarhúss.

6.1 MENNINGAREFLANDI SAMFÉLAG

Stungið var upp á eftirtöldum umræðuefnum tengdum listum og menningu:

- Listasmiðja með börn og unglinga í huga.
- Aðstaða listamanna sem búa í Súðavík t.d. Langeyri.

Úr varð einn hópur sem ræddi bæði málefnið og gaf þeim yfirskriftina „menningareflandi samfélag – Súðavík“. Yfirskriftir og númer hér á eftir eru hópsins.

1. MENNINGAREFLANDI SAMFÉLAG FYRIR ÍBÚA (UNGA SEM ALDNA)

Rædd var hugmynd um listamannasetur á Langeyri, til dæmis. Það gæti verið vettvangur fyrir unga sem aldna til að vinna að hugðarefnum. Þar sé öll aðstaða fyrir hendi og vannýtt herbergi.

- Hvað viltu gera? Mála, skrifa, sauma, tónlist, ljósmyndun, smíði o.s.frv.

2. MENNINGARSTEFNA SÚÐAVÍKUR

Í umræðu um menningarstefnu var horft vítt yfir sviðið. Menningarstefna og menningarstarf gæti styrkt ímynd Súðavíkur og byði upp á áhugaverðar tengingar við ferðabjónustu.

Síðast en ekki síst væri vert að búa til tengingu inn í skólann. Varðandi það var varpað fram spurningunni: „Er hægt að vera með eitthvað óhefðbundnara starf?“.

3. TILKOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGSINS ÓVERULEGUR – HVAÐ ÞARF TIL?

Margt er nú þegar til staðar sem hægt væri að nýta og því ætti tilkostnaður sveitarfélagsins að vera óverulegur. Þessir punktar rötuðu á blað:

- Rafmagn (nú þegar til staðar).
- Hiti (nú þegar til staðar).
- Net.
- Taka parket.
- Nýta smíðastofuna.
- Aðstaða, t.d. kaffikanna...

4. RESIDENT FYRIR LISTAMENN

Hópurinn fjallaði um ýmsa möguleika sem gætu hlotist af listamannadöl, til dæmis að listamenn héldu námskeið og/eða kæmu með fyrirlestra í skólann og á Melrakkasetur.

Og þetta tvennt fylgdi einnig með í umræðunni:

- Kvaðir (engar „peningalegar“).
- Segja „Takk fyrir Súðavík“.

6.2 ÍBÚALÝÐRÆÐI OG ÞORRABLÓTIÐ

Stungið var upp á umræðuefninu „íbúalýðræði“ en þar sem umræðuefnin voru fleiri en tíminn leyfði voru þrjú málefni tekin fyrir í einum hópi, þ.e. „staðsetning þorrablóts“ og hugmynd um að „viðhalda þjóðakveldi / þjóðakynningu“.

Varðandi íbúalýðræðið var rætt um að ágætt væri að halda þing íbúa að vori og hausti þar sem málefni íbúa og sveitarfélagsins yrðu rædd. Dagskráin yrði beinskeyttari og þengri varðandi málefni, til að hægt væri að ræða málín dýpra. Málum á þessum þingum yrði síðan fylgt eftir og öllum haldið vel upplýstum um ferli þeirra og árangur, alveg til enda.

Nauðsynlegt er, að mati hópsins, að auka íslenskukunnáttu nýbúa og spurning hvort sveitarfélagið gæti greitt niður kostnað við það. Stungið var upp á að íbúar skipuleggi samverustundir sem „nýbúum“ verði boðið að koma á og þar verði eingöngu töluð íslenska. Samveran gæti falist í einhverri afþreyingu innanhúss og einnig t.d. í gönguferðum og slíku.

Lýst var áhuga á að viðhalda svokallaðari „þjóðahátíð“ áfram, einu sinni á ári. Þar kynna nýbúar frá öðrum löndum, menningu sína fyrir Íslendingum.

ÞORRABLÓTIÐ

Hópurinn leggur til að þorrablótið verði áfram í íþróttahúsinu/skólanum í Súðavík, frekar en í Samkomuhúsinu í gamla þorpinu.

Ákveðið var að fjársýsla þorrablótsins verði í höndum skrifstofu hreppsins, þ.e. að veltureikningurinn sé á nafni og kennitölu hreppsins og starfsmaður skrifstofunnar verði prókúruhafi. Þorrablótsnefndin kjósi einn úr sínum hópi sem hafi milligöngu um fjárreiðurnar við hreppinn.

6.3 BJÖRGUNARSVEITARHÚSIÐ – NOTKUN?

Ýmsar hugmyndir voru ræddar í einum hópi sem fjallaði um mögulega notkun björgunarsveitarhússins, sem er gamalt hús sem stendur eitt og sér við þjóðveginn í jaðri fjöruborðsins.

Hugmyndir:

- „Makaskipti“ á húsum, þ.e. skipta t.d. á líkamsræktaraðstöðu á Langeyri og Björgunarsveitarhúsi – eða annað hentugt húsnæði fyrir:
 - Heitan pott.
 - Sauna.
 - Jóga.
 - Sjóböð.
 - Aðra mannrækt.

Þetta sameinar, að mati hópsins, marga þætti sem ræddir voru á íbúabínginu, t.d. ímynd Súðavíkur, atvinnuuppbyggingu, ferðaþjónustu, þjónustu við íbúa, heilsueflandi samfélag og fleira.



7. FRAMTÍÐ OG ÞRÓUN SKÓLANS

Hópur sem ræddi um framtíð og þróun Súðavíkurskóla byrjaði á að greina stöðuna í dag en velti síðan upp mögulegri stefnu og þróun.

STAÐAN Í DAG

- Hætta á að skólinn leggist af vegna fækkunar og smæðar.
- Skólinn hefur mikla sérstöðu vegna smæðar þrátt fyrir allt.
- Aðdráttarafl.
- Fjölpjóraskóli.

STEFNA OG ÞRÓUN

- Möguleiki á lotukennslu í þeim fögum sem hafa ekki fasta kennslu.
- Tengja listasmíðju og/eða „resident“ listamenn inn í skólann.
- Er skólinn „söluvara“ fyrir þorpið, ímynd Súðavíkur. Laða að fólk.
- Skólinn hefur mikla möguleika á að skapa sér mikla sérstöðu og verða eftirsóttur fyrir fólk sem getur hugsað sér að flytja á svæðið.

Þá varð mikil umræða um þá staðreynd að skólinn er fjölpjóraskóli og hvað það þýðir varðandi tungumál. Þátttakendur töldu viðfangsefnið snúið, en um leið mjög mikilvægt.



„Skólinn hefur mikla sérstöðu vegna smæðar þrátt fyrir allt.“

8. FRAMTÍÐ OG MÖGULEIKAR INNDJÚPSINS

Stungið var upp á mörgum umræðuefnum sem varða Inndjúpið og voru þau rædd í tveimur hópum.

Í einum hópi var rætt um þessi mál:

- Samyrkjubú, sauðfé og/eða nautgripir.
- Grænmetisrækt.
- Atvinnumál í Inndjúpinu og Súðavík.

Og í öðrum um um þetta:

- Vegapjónusta í Inndjúpinu.
- Bryggju í Djúpinu.
- Snyrting WC.
- Sögufrægir staðir, sérstaklega Vatnsfjörður.
- Framtíð og möguleikar Inndjúpsins.

SÖGUFRÆGIR STAÐIR

Sérstaklega var rætt um sögufræga staði í Vatnsfirði. Fram kom að búið er að rannsaka fornleifabæinn og miðaldabæinn, en eftir er að ganga frá svæðinu svo að það hverfi ekki aftur í gras og gróður.

Bæta þurfi aðstöðu fyrir þá sem heimsækja fornleifarnar, s.s. bílastæði, snyrtingu og e.t.v. frekari aðstöðu.

MERKINGAR OG SNYRTIADSTAÐA Í DJÚPINU

Stungið var upp á því að setja upp vönduð upplýsingaskilti við vegamót úti á Strönd og í Súðavík.

Á skiltunum væru fjölbreyttar upplýsingar um alla þjónustu og afþreyingu sem býðst á þessari leið, ásamt upplýsingum um snyrtingar/WC á leiðinni.

Stefna ætti að því að klósett verði sett upp á Hvítanesi og í Vatnsfirði.



ATVINNUMÁL OG HLUNNINDI

Rætt var um hlunnindi sem geta stutt við annan búskap landeigenda og ferðaþjónustu. Sem dæmi var nefnd útleiga hlunninda við lax- og silungsár í hreppnum. Einnig að leyfi til rjúpnaveiði séu hlunnindi.

Hópurinn taldi hugsanlegt að skoða möguleika á að setja upp lítill staðbundin „landeldi“ þar sem heitt vatn er.

Sagt var: „Vonandi verður kalkþörungaverksmiðjan að veruleika. Þá vantar rafmagn, það er mikil orka í vatnsföllum í Djúpinu“.

Nefndir voru helstu virkjanarmöguleikar; að stækka Sængurfossvirkjun og nýta virkjunarmöguleika í Skötufirði, Hestfirði og Álftafirði. „Við þurfum að vera sjálfstæð með rafmagn. Þetta getur verið liður í hringtengingu rafmagns.“

Einnig var rætt um hvort sameina megi nýtingu jarða sem komnar eru í eyði fyrir kjöt, mjólk og grænmetisframleiðslu.

Loks komu framtíðarmöguleikar Reykjaness til umræðu, séstaklega nýting heita vatnsins. Stungið var upp á heilsusetri og að „endurbyggja fuglaböðin“.

SKIPULAGS- OG SAMGÖNGUMÁL

Fram kom að menn hafa orðið áhyggjur af því að þjónusta Vegagerðarinnar við Djúpveg skerðist hugsanlega með tilkomu Dýrafjarðarganga og vesturleiðarinnar.

Hugað verði að því að marka stefnu um skipulag sumarhúsa og sumarhúsabygðar í Djúpinu.

Hafnaraðstaða var þátttakendum hugleikin. Í Vigur hamrar hafnaraðstaða ferðaþjónustu, en þar koma 10 þúsund ferðamenn í land á ári. Einnig þurfi að athuga með bryggjur sem fyrir eru við Ísafjarðardjúp því stundum eru vegir lokaðir. Bryggjur eru því öryggisatriði.

ANNAÐ

Er hugsanlegt í samráði við landeigendur að fjölga litlum heitum náttúrupottum og þá með sómasamlegri aðstöðu/snyrtingu!

Hóparnir sáu mikla möguleika fyrir Inndjúpið, en voru líka meðvitaðir um að þeir gætu kostað talsverða peninga. Mestu skipti þó að styðja við þá sem fyrir eru í Inndjúpinu.



9. UMHVERFI, ÁSÝND OG ÍMYND

Fjórum málefnum var slegið saman í einn hóp, undir yfirskriftinni umhverfismál. Þetta voru „snjósleðabrekkur og skíðasvæði“, „tjörnin“, „torg sunnan við skólann“ og „náman“.

Þátttakendur veltu fyrir sér tengingu gamla og nýja þorpsins og vildu að göngustígur milli þorpa verði að veruleika. „Setja ætti upp lýsingu við ALLA göngustíga“, eins og það var orðað. Bent var á að sinna þurfi viðhaldi göngustíga vel og stungið upp á að sveitarfélagið kaupi kurlvél.

Borð og bekkir verði sett upp á Bóli (við brúna yfir Eyrardalsána) og þar verði trjákurstígur. Stungið var upp á að ljúka við göngustíg umhverfis tjörnina og setja þar lýsingu. Þá verði gróðursett trjábelti milli tjarnarinnar og atvinnusvæðis á Langeyri.

Hópurinn áréttaði áður fram komnar hugmyndir um torg sunnan við skólann og taldi mikilvægt að lokið verði við torgið og settir upp bekkir.

„Gengið verði frá svæði ofanvert við þjóðveg fyrir neðan Víkurgötu“, sagði hópurinn.

Varðandi námuna var þátttakendum efst í hug að hreinsun og öryggi verði tryggt og verklegri öryggisgirðing verði sett á brúninni norðanmegin.

Áhugi var á að bæta aðstöðu fyrir sleðabrekku, til dæmis innan við Holtagötu. Þar yrði öruggt svæði og upplýst. Allir þorpsbúar verði vel vakandi yfir öryggi barnanna.

Að lokum var hvatningu beint til sveitarfélagsins: „Hreppurinn verði til fyrirmyndar um snyrtingu lóða og trjábeða“.

9.1 ÍMYND SÚÐAVÍKUR

Í þessum hópi voru tvö málefni til umræðu, „ímynd Súðavíkur“ og „plastlaust samfélag“.

Þessar hugmyndir rötuðu á blað:

- Koma upp taupoka-banka í Kaupfélaginu þar sem fólk myndi koma með heimasaumaða poka (og skilja eftir fyrir aðra).
- Setja nýjar upplýsingar um flokkun sorps í öll hús. Líka þegar nýtt fólk flytur til þorpsins og hafa upplýsingarnar á ýmsum tungumálum.
- Fá námskeið til þorpsins í moltugerð og flokkun sorps.
- Senda upplýsingar í öll hús um hvað megi ekki setja í salerni (blautþurrkur, eyrnapinna o.s.frv.).

Sá þátttakandi sem stakk upp á því að ræða um ímyndina, kann að hafa haft hugmyndir um fleiri þætti sem varða ímynd Súðavíkur. En þar sem viðkomandi þurfti frá að hverfa, beindist umræðan fyrst og fremst að umhverfispáttum og ímynd.

*„Ljúka við göngustíg umhverfis tjörnina
og setja þar lýsingu.“*

9.2 SKÓGRÆKT

Rætt var um skógrækt út frá tveimur viðfangsefnum, „skilgreint skógræktarsvæði þar sem má planta trjám við Raggagarð“ og „tengja trjábelti þorpsins við Hlíð“.

Hópurinn setti þessar niðurstöður á blað:

- Tengja trjáræktarsvæði ofanvert við þorpið við tjáræktarsvæðið við Hlíð.
- Planta trjám fyrir ofan ytra þorpið til að lyfta norðan-vindstrengnum upp fyrir byggðina.
- Skilgreina þarf svæði nálægt Raggagarði þar sem planta þarf trjám til að auka megi skjól í garðinum.

„Planta trjám til að lyfta norðan-vindstrengnum upp fyrir byggðina.“



10. UMFERÐ OG GÖNGULEIÐIR

Þrjú málafni voru felld undir þessa yfirskrift „umferðarmál“ og rædd í einum hópi. Þetta voru; „aukið umferðaröryggi á milli Súðavíkur og Ísafjarðar“, „hraðahindrun“ og „bæta allar merkingar“. Númer vísa til merkinga á loftmynd.

10.1 UMFERÐARMÁL

JARÐGÖNG / SÚÐAVÍKURHLÍÐ

- Að jarðgöng verði að veruleika.
 - Jarðgöng opna á möguleika á frekari nýtingu íþróttahúss og annars húsnæðis.
- Að áætlunarferðir verði efldar svo þeir sem eiga ekki ökutæki geti komist milli staða.
- Gönguleið í gömlu byggðinni – styrkja.
- Hvað er hægt að gera til að tryggja öryggi við núverandi aðstæður á Súðavíkurhlíð?
 - Ljósastaurar – bættari akstursskilyrði.
 - Íbúar eru stöðugt meðvitaðir um áhættuna við keyrslu um hlíðina.
 - Hvítt malbik.
- Hjólastígur inn í botn Álftafjarðar.



ÞÉTTBÝLI

Þegar rætt var um þéttbýlið, hafði hópurinn loftmynd til hliðsjónar og má sjá hana á næstu síðu.

1. Mjög varasamur staður með tilliti til barna. (Nr. 1 á korti).
2. Vantar að hafa gangstéttir beggja vegna við götu. (Nr. 2 á korti). Víða eru blindhorn sem eru hættuleg.
3. Íbúðabyggð – Mikilvægt er að setja hraðatakörkun til að hægja á umferðinni í gegnum þorpið og setja skilti sem vísar í að þarna sé íbúðabyggð. (Nr. 3 á korti).
 - Hraðahindranir þar sem komið er inn í þorpið.
 - Hraðamyndavélar.
 - Skilti við leiðina inn í þorpið (varúðarskilti).
4. Staðsetning á skilti sem vísar á Jón Indíafara og Kaupfélagið og innkeyrslu að stöðunum. (Nr. 4 á korti).
5. Sumarhúsabyggð – möguleg staðsetning á skilti sem sýnir sumarhúsabyggð. (Nr. 5 á korti).

SUMARHÚS Í SÚÐAVÍK

Spurning með svæði í nýju byggðinni til að brottfluttir geti reist sér sumarhús.



„Mikilvægt að setja hraðatakörkun til að hægja á umferðinni í gegnum þorpið.“

UMFERÐARMÁL – ÞÉTTBÝLI



10.2 DEILISKIPULAG Í GÖMLU BYGGÐINNI

Stungið var upp á tveimur umræðuefnum sem varða gömlu byggðina, annars vegar „umhverfismál – tenging „gamla“ og nýja þorpsins“ og hins vegar „endurskoðun deiliskipulags gömlu byggðarinnar (Raggagarður)“. Þetta var hvorutveggja rætt í einum hópi. Númer vísa til merkinga á loftmynd á næstu síðu.

6. Skilgreina sem leikjasvæði Raggagarðs í deiliskipulagi sem sumarleiksvæði. (Númer 6 á korti).

7. Boggutún. Skilgreint sem útivistarsvæði Raggagarðs. (Nr. 7 á korti).

8. Endurskipuleggja utan gámasvæðis sem útivistarsvæði (listaverk). (Nr. 8 á korti).

- Merkingar fyrir fatlaða við inngang leikjasvæðis og merkingar fyrir bíla ófatlaðra ofan garðs. Þyrfti að malbika eða setja sambærilegt milli svæða og á bílastæði.
- Bæta merkingar fyrir tjaldstæði í gömlu byggðinni og í Túngötu.
- Athuga hvort eigendur Ljósulundar vilji endurreisa útsýnispallinn og setja upp skífuna og merkja sem gönguleið við Raggagarð (sem athyglisverður staður).
- Umferðamál: Hringtorg innan við kirkjuna.
- Ný skilti við minningarreit.
- Endurskoða skilti um þjónustu við Langeyrarveg og þjónustuhús.
- Merkja inn skilgreint skipulag trjáræktarsvæðis framtíðar í gömlu Súðavík.
- Endurnýja gömlu götuskiltin í gömlu byggðinni.



*„Merkja inn skilgreint skipulag trjáræktarsvæðis
framtíðar í gömlu Súðavík.“*

DEILISKIPULAG Í GÖMLU BYGGÐINNI



10.3 GÖNGULEIÐIR OG FLEIRA

Rætt var um gönguleiðir í fámennum en fróðum hópi.

Eftirtalдар leiðir voru merktar inn á kort (sbr. mynd):

- Folaþótur (Seyðisfjörður – Hestfjörður).
- Um Ögurnes.
- Um Vatnsfjarðarnes.
- Dýrafjörður – Hestfjörður.
- Skötufjörður – Heydalur í Mjóafirði.
- Skötufjörður – Glámuhálendið.
- Mjóifjörður – Glámuhálendið.
- Mjóifjörður – Ísafjörður, um Hestakleyp / Eyrarfjall.

Einnig voru skráðir niður þessir punktar:

- Merkja inn örnefni (túnbletti o.s.frv.), bæði í nýja og gamla þorpinu.
- Athuga þarf að stöðva ágang lúpinu í Árdalnum, en þar er lúpinan komin yfir Eyrardalsána.
- Lagfæring grjótnámu (í Árgljúfrunum) við fjölfarinn veg upp Árdalinn. Athuga vel öryggi fólks.
- Halda við gönguleiðum – merkja leiðirnar vel – klippa trjágróður sem lokar leiðum víða.

Umræðan snérist aðallega um mikilvægi þess að merkja þessar gönguleiðir inn á skipulag.




„Halda við gönguleiðum og merkja þær vel.“

GÖNGULEIÐIR OG FLEIRA

Í textaboxum má sjá það sem handskrifað var á kortið, en er illa læsilegt í svo smárri útgáfu.

1. Grettisvarða
2. Folaþótur
3. Sjónfríð



11. RADDIR UNGA FÓLKINS

Nemendur unglingadeildar Súðavíkurskóla fluttu kynningu á þinginu, um sína sýn á Súðavíkurbæ, framtíðarsýn og drauma. Hér er kynningin þeirra, með þeirra eigin orðum.

KOSTIR SÚÐARVÍKURHREPPS

Samfélagið okkar í Súðavík er gott og hér finnst okkur gott að búa. Okkur þykir vænt um þorpið okkar og fólkið sem býr þar. Við sjáum margt jákvætt við samfélagið. Náttúran er frábær allt í kringum þorpið, allur hreppurinn okkar er mjög fallegur og einstakur. Okkur finnst að það eigi að fara vel með náttúruna í öllum hreppnum.

Okkur kom saman um að hægt væri að gera margt til þess að efla samfélagið í Súðavík ef allir eru samtaka. Það er margt vel gert, grunnskólinn okkar er fámennur og góður, hér er fótboltavöllur sem okkur dreymir um að verði stærri, hér er íþróttahús og góður leikskóli, það er stór leikvöllur við skólann sem hefur bókstaflega blásið út við tilkomu ærslabelgsins góða. Við erum mjög ánægð með belginn og þökkum fyrir það frábæra framtak. Tilkoma belgsins segir okkur að góðir hlutir gerast hægt og því leyfðum við okkur dreyma um meira og horfðum til framtíðar. Við munum gera okkar besta til að gera þessa hluti að veruleika.



ÍÞRÓTTAÐSTAÐA

Okkur datt í hug lítil **skíðalyfta** fyrir innan og ofan þorpið því þar er ekki snjóflóðahætta en getur safnast fyrir nokkur snjór. Það var t.d. hér áður fyrir skíðalyfta niðri í gamla þorpi. Við höfum heyrt að hún hafi verið mjög mikið notuð af þorpsbúum og verið uppspretta mikillar gleði. :D :D

Okkur langar að sjá **fótboltavöllinn** aðeins stærri og einhverja frjálsíþróttaaðstöðu þar í kring. Gott væri að sjá **Skólahreystivöll** í þorpinu, þar sem hægt væri að þjálfra sig, geta jafnvel tekið þátt í Skólahreysti með öðrum skólum hér á Vestfjörðum.

Við höfum látið okkur dreyma um **sundlaug** og heita potta nokkuð lengi og vitum að það gæti orðið erfitt þar sem við búum á köldu svæði. En það kostar ekkert að láta sig dreyma. Ef sundlaug yrði að veruleika þyrftum við heldur ekki að keyra hlíðina á hverju hausti í skólasund og allir myndu njóta góðs af.

LANGEYRI OG TJÖRNIN

Gaman væri að gera upp gamla verksmiðjuhúsið á Langeyri og búa til litla aðstöðu fyrir veitingar og þjónustu við svæðið. Hvalveiðisagan er hluti af sögu hreppsins. Þarna væri hægt að útbúa slíkt safn.

Gera upp litlu bryggjuna sem aðstöðu fyrir sjósport af ýmsu tagi.

Tjörnin er líka perlan okkar á þessu svæði. Þar mætti gera aðstöðu til fuglaskoðunar.

GÖNG

Mörg okkar eiga vini á Ísafirði og við stundum íþróttir þar. Það getur verið erfitt að fara hér á milli í vondum veðrum og stundum komumst við ekki neitt. Því er nauðsynlegt að fá göng hér á milli, það myndi leysa mikinn vanda og auka öryggi og lífsgæði okkar allra svo um munar.

FJÁRÖFLUN

Það voru ekki bara draumar sem strákarnir lýstu, heldur stungu þeir upp á þessum leiðum til fjáröflunar, til að láta draumana verða að veruleika.

- Gefa út ljóðabók/listaverkabók.
- Kökubasar.
- Bingó.
- Snjómokstur– aðstoð við innkaup – hjálpa til í görðum.
- Áheit – t.d. hugarleikfimi (lestur) – ýmis spil.
- Kaffihlaðboð fyrir eldri borgara, upplestur.
- Skemmtikvöld í Samkomuhúsinu/leikir og gaman.
- Hlutavelta.
- Sjálfboðavinna í sambandi við verkefni.

Gerum þetta þorp að paradís því hér viljum við vera.

Það er gott að láta sig dreyma, takk fyrir okkur.

12. FRAMTÍÐARSÝN - 2030

Undir lok þingsins var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina, til að horfa á lífið og stöðuna í Súðavíkurbænum eftir 13 ár, árið 2030. Hér er safnað saman öllum punktum sem komu fram.

Flestir áttu sér draum um fjölgun íbúa í sveit og þorpi, uppbyggingu í atvinnulífi, göng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar, fallegt umhverfi og blómstrandi mannlíf ungra sem aldinna.

SÚÐAVÍK

Súðavík hefur stækkað, jafnvel um helming. Íbúum og húsum hefur fjölgað og verið er að byggja fleiri. Þorpið byggist inn fjörðinn.

„Mörg ljós í Súðavík benda til fjölgunar“ sagði einhver og fólk sá fyrir sér öflugt mannlíf og atvinnulíf og fólk á ferli við hin ýmsu störf. Blómstrandi líf og fjör!

Í **skóla og leikskóla** hefur fjölgað mikið og skólinn er sérstakur og líflegur. Hann er í öðrum lit og opnari. „Margir krakkar, börn að leik – mikið líf“.

Aðstaða fyrir aldraða hefur batnað. Stórt hús á túninu milli Grundarstrætis og Víkurgötu þar sem er þjónustumiðstöð og húsnæði fyrir aldraða. Eldri borgarar eru víða við leik og störf.

„Ég sé bara **fegurðina, friðinn**, falleg lítil hús fyrir okkur eldri borgara. Blóm, tré. Komin göng og mikil opnun og gleði. Götulífið hér fullt af glöðum börnum með gjarðir og prik.“

Einhver lagði áherslu á **fallega náttúru**, plastlaust, umhverfisvænt samfélag og sjálfbærni að einhverju leyti. Annar sá fyrir sér mikinn gróður.

Ekki voru þó allir uppteknir af fjölgun íbúa og róttækum breytingum: „Í Súðavíkurbænum 2030 verður **ósköp lítið breytt**, byggð og bú hefur lagst af í Djúpinu en Súðavík er áfram lítið rólegt þorp sem sækir þjónustu til Ísafjarðar. Í þorpinu mun búa fólk sem er miklir náttúruunnendur og heilsurækt er mikil. Súðavík verður **eftirsótt vin** frá áreiti höfuðborgarinnar. Hingað verður gott að koma til að „kjarna sig“.“

ATVINNULÍF

Atvinnulífið hefur glæðst og fjölbreytnin aukist.

Flestir sem nefndu atvinnulífið sérstaklega, horfðu til aukins **fiskeldis** og nýrrar **kalkþörungaverksmiðju**, en jafnframt var nefnt að útgerð og smáfyrirtæki blómstri. Nefnt var að höfnin iðaði af lífi; þar væru bátaskóli, útgerð og markaður.

Álftafjörður og Seyðisfjörður eru með mörgum kvíum.

Það er komin kalkþörungaverksmiðja í Súðavík, hér er bláberjavínsverksmiðja og einnig framleitt Súðavíkursúkkulaði. Sjóstöng og sjósport er vaxandi atvinnugrein.

Einhver lítil starfsemi er komin yst á **Sjötúnahlíð**, rétt fyrir innan Kambsnes“.

LANGHEYRI

„**Langeyrin iðar af mannlífi** þar sem **atvinna** og **sköpun** ræður ríkjum“. Nefnd var stóriðja á Langeyri og að komin væri kalkþörungaverksmiðja fyrir innan Langeyri í Álftafirði.

DJÚPIÐ

Þær myndir sem þátttakendur sáu fyrir sér varðandi þróun í Djúpinu, snerust ýmist um talsverða uppbyggingu annars vegar, eða kyrrstöðu og jafnvel fækkun íbúa, hins vegar.

Inndjúpið er í meiri byggð. Súðavíkurhreppur er öflugt og grænt samfélag, fyrst og fremst í Djúpinu. Það er mikið líf kringum samyrkjubú í Laugardal og stórauðna ferðaþjónustu í Heydal og í Reykjanesi. Og það er stór sumarbyggð í Djúpinu.

Á svæðinu er **blómleg ferðaþjónusta** sem nýtir sér heita vatnið; stórt spa-svæði kringum Reykjanes, sjóböð og heilsuefning. Huggulegt ferðasvæði kringum Skálavík. Saltverkið er orðið að skemmtilegum ferðamannastað. Í **Reykjanesi** er hótélstarfsemi. Í **Heydal** er gisting og afþreying og þar hefur orðið gríðarleg uppbygging og einnig við Litlabæ. Á jörðinni Hjöllum í Skötufirði er þyrping **sumarhúsa**. Í Laugardal er eitt stórbú/kúabú og í Fölafæti eru sumarhús, eingöngu með aðkomu af sjó.

Það er afskaplega mikið af **hestum** í Djúpinu og í Laugardal er hestabúgarður.

Heita vatnið er nýtt fyrir gróðurhús og kálrækt. Víða er fólk á gönguleiðum yfir fjöll og dali. **Gönguparadís** í vestfirskum fjörðum.

Ýmsir sáu fyrir sér **fiskeldi** af einhverju tagi, eða eins og það var orðað: „Einhver nýting á sjó, eldi? En annars konar eldi en við hugsum í dag“. Þetta gæti verið lítið landfiskeldi í Djúpinu til að nota heita vatnið. Á Nauteyri væri stór seiðastöð. Við Hvannadals- og Langadalsá má sjá nýtt veiðihús og fólk með stangir.

Virkjunum hefur fjölgað. Komin er stærri virkjun í Sængurfossi og virkjun í Skötu- eða Hestfirði.

En það ríkti **ekki tóm bjartsýni**: „Mikið af Djúpinu er því miður komið í eyði eins og Snæfjallaströndin.

LITLAR BREYTINGAR – EÐA HVÆÐ?

„Það hefur **lítið breyst** í sjálfa sér. Okkur hefur þó fjölgað aðeins. Þeir eru byrjaðir á göngunum. Það er verið að byggja fleiri hús.“ Og einhver sagði: „Sama staða“. Einn nefndi að búið væri að **sameina** sveitarfélögin.

KOMIN GÖNG

Síðast en ekki síst, í ljósi umræðu á þinginu og forgangs röðunar eru þessir punktar um Álftafjarðargöng:

Jarðgöng eru komin milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Göngin koma niður innan við þorpið, við Dvergastein, umferð er róleg.

13. AÐ LOKUM

Súðavíkurhreppur stóð að íbúáþinginu og verður afrakstur þess m.a. nýttur í tengslum við stefnumótun í aðalskipulagi. Aðalskipulagið er unnið af ráðgjöfum frá Verkís, sem áður störfuðu hjá Teiknistofunni Eik á Ísafirði. Í skipulagslýsingu, sem kynnt var vorið 2017, segir:

„Súðavíkurhreppur tók þá ákvörðun í upphafi skipulagsvinnunnar að hafa allt ferlið opið og gagnsætt og ganga þannig mun lengra en krafist er í skipulagslöggjöfinni. Áhersla verður lögð á breiða þátttöku í skipulagsvinnunni, þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar verða virkjaðir til þátttöku. Markmiðið er að afla sem bestra gagna og gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.“³

Íbúáþingið er liður í þessu.

Þá hefur verið settur á fót skipulagshópur sem samanstendur af íbúum og hagsmunaaðilum. Samkvæmt skipulagslýsingu sem hér er vitnað til, er hópnum ætlað að vera „...sveitarstjórn til ráðgjafa og mun hann taka virkan þátt í skipulagsvinnunni undir leiðsögn ráðgjafa“.

Hópurinn mun, ásamt ráðgjöfum, rýna þessa samantekt og hafa til hliðsjónar þegar farið verður að stilla upp valkostum varðandi áherslur í aðalskipulaginu. Samanber loforðið sem finna má í inngangi þessarar samantektar.

³ ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS SÚÐAVÍKURHREPPS 1999-2018. Skipulags- og matslýsing. Útg. 8. febrúar 2017. Bls. 20.

Vel var mætt á þingið og margt tekið til umræðu, að frumkvæði þátttakenda og því er efniviðurinn frá þinginu gríðarlega dýrmætur. Á þinginu var þó ekki verið að taka endanlegar ákvarðanir um nein mál.

Það sem varðar skipulagsmál fer í ákveðinn farveg, eins og lýst var hér á undan. Jafnframt mun sveitarstjórn fara yfir skilaboð þingsins og taka til skoðunar í málefnum sem varða Súðavíkurhrepp, þ.e. önnur en skipulagsmál.

Ef til vill munu íbúar taka boltann í einhverjum málum og fylgja eftir. Þingið sýndi glögg væntumþykju íbúa gagnvart byggðarlaginu og áhuga og neista til að gera vel og efla Súðavíkurhrepp til framtíðar.

Ef draga á saman í eina setningu það sem fram kom á íbúáþinginu, gæti hún verið þessi: „Súðavíkurhreppur er byggð sem nú stendur á tímamótum“.

Það er brýn þörf fyrir uppbyggingu í atvinnumálum, sem gæti fjölgað íbúum og styrkt kröfuna um Álfafjarðargöng. Tækifærin eru fjölmörg, bæði í þorpinu og Djúpinu. Verði ekkert af hugmyndum heimamanna að veruleika, ríkir ótti um framtíðina í Súðavíkurhreppi.

